## (1) 2 (4) 6 ára

**MÁL**
Mjaðmavídd: (55) 61 (65) 68 cm
Skálmasídd innanfótar: (27) 32 (37) 42 cm

**GARN**
Sandnes Garn Merinoull

**GARNÞÖRF**
Gráyrjótt 1042: (200) 250 (300) 350 g

**TÖLUR**
4 stk

**RÁÐLÖGÐ PRJÓNASTÆRÐ**
Sokkaprjónar nr. 3 og 4.
Hringprjónn (40–60 cm) nr. 4

**PRJÓNFESTA**
22 L sléttprjón = 10 cm á prjóna nr. 4

**2-ÚRT**

Takið 2 óprjónaðar S af í einu (eins og eigi að prj þær S saman), 1 S, steypið óprjónuðu lykkjunum yfir. Lykkjan liggur áfram í miðjunni.
Sjá teikningar á bls. 8.

Það er uppskrift að bláa sixpensaranum á bls. 46–47.

# SMEKKBUXUR

*Sniðið er innblásið af hinum sígildu smekkbuxum, en í prjónuðu útgáfunni verða buxurnar mjúkar og teygjanlegar með nægu plássi fyrir mallakútinn.*

Byrjið á skálmunum. Fitjið upp (34) 38 (40) 42 L á sokkaprjóna nr. 3. Prj (5) 5 (6) 6 cm stroffprj (1 S, 1 B). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4 og sléttprjón. Aukið út um 1 L sitt hvorum megin við fyrstu L umf í 5. hverri umferð, alls (10) 11 (12) 13 sinnum = (54) 60 (64) 68 L. Prj þar til skálmin mælist (27) 32 (37) 42 cm. Setjið prjónamerki í miðja umf. Geymið skálmina og prj aðra eins. Setjið skálmarnar saman á hringprjón nr. 4 þannig að útaukningarnar snúi hvor að annarri og merkin séu á utanverðum skálmunum. Fitjið upp 7 L á milli skálmanna (í miðju að framan og miðju að aftan). Alls (122) 134 (142) 150 L. Prj (18) 20 (22) 24 cm sléttprjón. Skiptið u.þ.b. við prjónamerkin þannig að það verði (61) 65 (69) 73 L á framstykki og (61) 69 (73) 77 L á bakstykki. Prj hvort stykki fyrir sig.

**Framstykki:** = (61) 65 (69) 73 L. Prj stroffprj (1 S, 1 B), fitjið upp 10 L í lok tveggja fyrstu umf = (81) 85 (89) 93 L. Á réttu á jaðarlykkjan að vera S báðum megin. Gerið hnappagat báðum megin þegar stroffið mælist 1 cm: Prj 4 L stroffprj, fellið af 2 L, prj stroff þar til 6 L eru eftir, fellið 2 L af, prj stroffprj út umf. Fitjið upp nýjar L í stað þeirra sem voru felldar af í umf á undan. Fellið af 10 L hvorum megin þegar stroffið mælist 3 cm = (61) 65 (69) 73 L. Prj sléttprjón nema ystu (8) 10 (10) 10 L hvorum megin prj þær áfram með stroffprj. Takið jafnframt úr báðum megin í næstu umf á réttu:

1. umf (rétta): (1 S, 1 B) alls (4) 5 (5) 5 sinnum, 1 Ó S, 1 S, steypið Ó yfir, prj S þar til (10) 12 (12) 12 L eru eftir, 2 S saman, (1 B, 1 S) út umf.

2. umf: (1 B, 1 S) alls (4) 5 (5) 5 sinnum, prj B þar til (8) 10 (10) 10 L eru eftir, (1 S, 1 B) út umf.